

Mánudaginn 5. apríl 1965.

Nr. 95/1964. **Guðmundur Jónsson**
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)

gegn

Ólafi Einarssyni og gagnsök
(Kristján Eiríksson hrl.).

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson,
Jónatan Hallvarðsson og Legi Einarsson og prófessor Magnús
P. Torfason.

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. maí 1964, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. s. m. Krefst hann aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara lækkunar dæmdrar fjárhæðar og málskostnaðar hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi, sem hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 28. maí 1964, gerir þær kröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 193.115.30 með 7% ársvöxtum frá 24. október 1960 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram ný gögn um örorkumat og örorkutjón gagnáfrýjanda.

Eins og greinir í héraðsdómi, fór gagnáfrýjandi hinn 24. október 1960 ásamt þrem öðrum verkamönnum að fyrir-mælum aðaláfrýjanda í vörugeymslu Kaupfélags Austur-Skaftfellinga, Höfn í Hornafirði, til þess að sækja þangað sementspoka, sem þeir verkamennirnir tóku úr stafla að tilvísun starfsmanns kaupfélagsins, er þókar úr samstæðunni hrundu niður og lentu á gagnáfrýjanda með þeim afleiðingum, að hann slasaðist á hægra hné.

Eigi verður talið, að aðaláfrýjandi beri ábyrgð á, hvernig hleðslu sementspokanna var varið, né á afgreiðslu varnings í vörugeymslu annars aðilja. Ber því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir mega ákveða, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Guðmundur Jónsson, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Ólafs Einarssonar, í máli þessu.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. janúar 1964.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 10. þ. m., hefur Ólafur Einarsson, Geithellnum, Suður-Múlasýslu, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni hinn 5. september 1962, gegn Guðmundi Jónssyni smið, Höfn í Hornafirði, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 193.115.30, með 7% ársvöxtum frá 24. október 1960 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómars.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómars, en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar og málskostnaður verði látinn niður falla.

Stefnandi hefur stefnt Tryggingu h/f til réttargæzlu í málinu, en stefndi hefur keypt ábyrgðartryggingu hjá því félagi. Á hendur réttargæzlustefnda eru engar kröfur gerðar. Hefur réttargæzlustefndi heldur engar kröfur gert í málinu.

Málavextir eru þeir, að haustið 1960 var stefnandi ráðinn til starfa hjá stefnda sem verkamaður við byggingu barnaskólans að Sunnuhvoli í Nesjahreppi, Austur-Skaftafellssýslu. Hinn 24. október var hann sendur ásamt öðrum starfsmönnum stefnda til að sækja sement í vörugeymslu Kaupfélags Austur-Skaftafellinga í Höfn í Hornafirði. Í vörugeymslunni var stafli, hlaðinn úr pokum með sementi. Er stefnandi ásamt starfsfélagi sínum vann að því að taka poka úr staflanum og setja þá í skúffu dráttarvélar, sem síðan flutti pokana að bifreið, vildi það til, að pokar hrundu úr staflanum og ofan á stefnanda. Hlaut stefnandi meiðsli af. Stefnandi telur stefnda bera fébótaábyrgð á tjóni því, er hann varð fyrir af völdum slyssins, en tjón sitt telur hann nema hinni umstefndu fjárhæð.

Stefnandi hefur komið fyrir dóm og gefið skýrslu í málinu.

Hinn 24. október 1960 kveðst hann hafa verið að vinna hjá stefnda við byggingu barnaskóla Nesjahrepps að Sunnuhvoli. Eftir hádegi þenna dag kveðst hann hafa verið sendur ásamt þeim Skúla Jónssyni, Haraldi Torfasyni og Tryggva Guðmundssyni til Kaupfélags Austur-Skaftfellinga í Höfn til þess að sækja sement á vörubifreið. Kveður stefnandi afgreiðslumann kaupfélagsins, Jón Benediktsson, hafa vísað þeim félögum á, hvar taka skyldi sementið í skemmu kaupfélagsins. Einnig kveður stefnandi Jón hafa falið Baldvini Ragnarssyni, er þá starfaði hjá kaupfélaginu, að aðstoða þá félagana við að ferma vörubifreiðina. Kveður stefnandi Baldvin hafa stjórnað Ferguson-dráttarvél með ámoksturstæki, og hafi dráttarvélin verið notuð til að flytja sementið frá stæðunni á bifreiðina. Stefnandi kveður sig, Harald og Sverri hafa verið við að taka sementspokana úr stæðunni og setja þá í skúffu dráttarvélarinnar, en síðan hafi þeim verið hvolft úr skúffunni á pall vörubifreiðarinnar. Stefnandi kveður sementsstæðuna hafa verið háa, líklega nokkuð á aðra mannhæð, og var pokunum raðað hverjum ofan á annan, án þess að stæðan væri bundin með því að raða pokunum á víxl. Stefnandi kveður þá féлага fyrst hafa tekið niður poka efst úr stæðunni, sem þeim hafi virzt hætta á, að detta mundu, vegna þess hve lausir þeir hafi verið. Kveður hann þá hafa kastað pokunum á gólfið og hafa verið búna að fylla skúffuna nokkrum sinnum og láta úr henni á bifreiðina. Á palli bifreiðarinnar kveður hann Skúla Jónsson og bifreiðarstjórnann, sem hann ekki man hver var, hafa staðið. Tóku þeir á móti pokunum og röðuðu þeim á bifreiðina. Eitt sinn er Haraldur og hann voru að byrja að láta poka í skúffuna og stóðu hálf-bognir yfir poka, er þeir hugðust taka á milli sín, kveður stefnandi Baldur hafa kallað til þeirra viðvörun um, að pokar væru að hrynja fyrir ofan þá. Kveður stefnandi það ekki hafa skipt neinum togum, að pokarnir hafi kastast á hægri hlið sína, og hafi hann dottið og orðið undir pokunum, en Haraldur hafi getað hlaupið undan og hafi því sloppið ómeiddur. Stefnandi kveður nú Harald og Tryggva hafa tekið pokana ofan af sér, og hafi hann síðan skriðið frekar en gengið út úr skemmuni. Í sama mund kveður stefnandi Jón Benediktsson afgreiðslumann hafa komið inn í skemmuna. Kveður hann Jón hafa sótt bifreið sína og flutt sig til héraðslæknisins.

Tryggvi Guðmundsson kveðst í umrætt sinn ásamt stefnanda

og Haraldi Torfasyni hafa unnið við að setja sementspoka í ámokstursskúffu, sem síðan hafi svo lyft pokunum upp á pall vörubifreiðar. Hafi sementið átt að notast við byggingu barnaskóla Nesjahrepps. Tryggvi kveður stefnanda hafa verið að búa sig undir að taka sementspoka úr lágri pokastæðu, um 1 m á hæð, þegar efri stæðan hafi allt í einu hrunið, og hafi stefnandi orðið undir henni, þannig að sementsstæðan hafi lent á honum upp að mitti. Tryggvi kveður viðstadda hafa brugðið við og tekið pokana ofan af stefnanda og stutt hann út, en stefnandi hafi aðeins getað staulazt við illan leik. Var stefnandi síðan fluttur samstundis til læknis.

Haraldur Torfason kveðst hafa unnið við það í umrætt sinn ásamt stefnanda og Tryggva Guðmundssyni að ferma bifreið sementi. Þeir hafi látið sementspokana í skúffu á dráttarvél, sem síðan hafi lyft pokunum á bifreiðina. Haraldur kveður þá félagar hafa tekið sementið úr stæðu, sem verið hafi rúmur metri á hæð, en næsta stæða við hafi verið mun hærri. Kveður Haraldur þá stæðu hafa hrapað, þegar stefnandi hafi verið að taka poka á móti sér. Hann kveður stefnanda hafa orðið undir stæðunni, en viðstaddir hafi snarazt til og tekið pokana ofan af honum, en sex poka kveður hann hafa legið ofan á stefnanda.

Baldvin Ragnarsson kveðst í umrætt sinn hafa verið staddur í vöruskemmu Kaupfélags Austur-Skaftfellinga með dráttarvél félagsins til að lyfta sementi á vörubifreið, sem átt hafi að fara til barnaskólans í Nesjum. Baldvin kveður þá Tryggva Guðmundsson, stefnanda og mann nokkurn frá Haga í Nesjum hafa látið pokana í skúffu dráttarvélarinnar. Hafi þeir tekið þá neðarlega úr stæðu einni, en að baki þeirrar stæðu hafi verið önnur stæða um ein og hálf mannhæð á hæð. Þegar stefnandi hafi verið að taka sementspoka úr lægri stæðunni, hafi hærri stæðan allt í einu hrunið og hann orðið undir henni, þannig að hann hafi legið flatur undir þunganum. Telur Baldvin, að stæðan hafi hrunið á neðri hluta líkama stefnanda, þannig að hún hafi legið á honum allt í mittisstað. Baldvin kveður nú félagar stefnanda hafa tint pokana ofan af honum og hafi hann síðan haltrað út úr skemmunni.

Jón Benediktsson, afgreiðslumaður Kaupfélags Austur-Skaftfellinga, kveður menn hafa komið umræddan dag frá Guðmundi Jónssyni byggingameistara og hafi þeir átt að sækja tvo bifreiðarfarma af sementi. Hann kveðst hafa farið með

mönnunum út í sementsskemmu og hafi mennirnir farið að hlaða bifreiðina. Jón kveðst nú hafa farið að afgreiða mann, sem þarna hafi komið. Er hann kom aftur, kveður hann ekki hafa verið lokið við að ferma bifreiðina, en sér hafi þá verið tjáð, að fallið hafi stæða og hefði stefnandi orðið undir henni. Var þá verið að flytja stefnanda til læknis. Jón kveður í ljós hafa komið, þegar hann fór að athuga stæðuna, að mennirnir hafi tekið fremstu röðina alveg niður og hafi þá næsta röð verið mjög völt vegna hæðar sinnar. Kveðst Jón hafa látið laga stæðurnar og látið taka úr nokkra poka, svo að pokarnir mynduðu tröppur. Ekki kveðst Jón hafa séð annað en sementinu hafi verið staflað vel í húsinu, eins og venjulega.

Ásgeir Gunnarsson, verkstjóri hjá Kaupfélagi Austur-Skaftfellinga, kveðst hafa stjórnað uppskipun á sementi því, sem verið var að afgreiða, er slysið varð. Kveður hann því hafa verið staflað eins og venjulega.

Ekki fór fram nein rannsókn á slysi þessu þegar í stað. Mun hvorki stefndi né fyrirsvarsmenn Kaupfélags Austur-Skaftfellinga hafa hlutast til um, að svo yrði. Það mun svo ekki hafa verið fyrr en fyrri hluta ársins 1962, að hreppstjóri Hafnarhrepps tók skýrslur af stefnanda og samstarfsmönnum hans að tilhlutan lögmanns stefnanda. Eru lögmenn aðilja sammála um að leggja skýrslur þessar til grundvallar við úrlausn málsins.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að stefndi beri sem vinnuveitandi alla fébótaábyrgð á tjóni því, sem hann hefur orðið fyrir af völdum slyssins. Hann hafi verið sendur af stefnda til að framkvæma umrætt starf við óforsvaranlegar aðstæður. Er því haldið fram, að ekki skipti máli, þótt aðrir hafi ráðið húsum, þar sem slysið varð, því hann hafi farið að framkvæma starfið samkvæmt beinum fyrirmælum stefnda. Þá er því og haldið fram, að stefndi hafi ekki hlutast til um, að rannsókn færi fram á slysinu, og hafi hann einnig með þeirri vanrækslu fellt á sig ábyrgð á tjóninu.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að eigi sé í ljós leitt, að stefnda sem vinnuveitanda eða starfsmönnum hans verði vegna aðgæzluskorts eða vanbúnaðar á vinnustað gefin nokkur sök á slysi stefnanda. Er á það bent í þessu sambandi, að stefndi hafi ekki ráðið húsum í vörugæymslu Kaupfélags Austur-Skaftfellinga, þar sem slysið varð, enda hafi hann aðeins lánað starfsmenn sína í greiðaskyni til að leysa af hendi starf, sem

hvílt hafi á Kaupfélagi Austur-Skaftfellinga. Hafi stefndi því enga aðstöðu haft til að hafa á hendi verkstjórn eða hafa verkstjóra á staðnum.

Að því er varðar varakröfu stefnda, þá er því haldið fram, að stefnandi eigi sjálfur nokkra sök á slysi því, sem hann varð fyrir, og beri því að lækka bætur, sem honum kunna að verða dæmdar, af þeim sökum.

Það er ágreiningslaust, að stefndi hafi sent stefnanda ásamt fleiri mönnum til að sækja sement til Kaupfélags Austur-Skaftfellinga. Af skýrslum þeim, sem raktar hafa verið, er ljóst, að slysið hefur orðið með þeim hætti, að er stefnandi og samstarfsmaður hans voru að taka sementspoka úr pokaröð pokastæðunnar, sem var um 1 m á hæð, þá hafi efstu pokarnir úr næstu pokaröð fyrir aftan í pokastæðunni hrunið á stefnanda og fellt hann í gólfið og stefnandi þá hlotið meiðsl þau, sem síðar verða rakin. Er ágreiningslaust, að pokunum hafi verið staflað þannig, að þeir hafi verið hver beint upp af öðrum, en þeir ekki lagðir á misvíxl. Ekkert er komið fram um það, að pokastæðan hafi í heild verið skorðuð sérstaklega. Samkvæmt því, sem fyrir liggur í málinu, verður að telja, að pokastæðan hafi í heild verið nokkuð á aðra mannhæð á hæð. Verður samkvæmt þessu að telja, að frágangur á pokastæðunni hafi ekki verið slíkur sem fyrir er mælt í 1. mgr. 24. gr. laga nr. 23/1952. Eins og áður segir, sendi stefndi starfsmenn sína til að framkvæma ákveðið starf í vörugymslu Kaupfélags Austur-Skaftfellinga. Þykir stefndi verða að bera ábyrgð á þeirri áhættu, er skapaðist fyrir starfsmenn hans við það, að vinnu-aðstæður á staðnum voru ekki forsvaranlegar, eins og áður er rakið, svo og það, að enginn ákveðinn aðili hafði á hendi stjórn á framkvæmd verksins. Verður stefndi því þegar af þessum ástæðum talinn bera fébótaábyrgð á tjóni því, sem stefnandi hlaut af völdum slyssins. Er stefnandi og samstarfsmenn hans unnu við að taka sementspokana úr pokastæðunni, hlutu þeir að sjá, hvernig pokunum var staflað. Máttu þeir gera sér grein fyrir, að því meir sem þeir tóku af pokum úr fremri pokaröðinni, þeim mun minni varð stuðningurinn, sem næsta pokaröð hafði, og því kynni að vera hætta á, að efri pokarnir úr þeirri röð féllu niður. Verður að telja, að stefnandi og samstarfsmenn hans hafi sýnt nokkra óaðgæzlu við framkvæmd verksins. Þykir stefnandi því verða að bera tjón sitt að nokkru leyti sjálfur. Eftir öllum atvikum þykir rétt að skipta

ábyrgð á tjóni stefnanda þannig, að stefnandi beri sjálfur $\frac{1}{2}$ hluta þess, en stefndi bæti honum $\frac{4}{5}$ hluta þess.

Verða nú einstakir liðir dómkröfu stefnanda athugaðir, en kröfu sína hefur stefnandi sundurliðað þannig:

1. Atvinnutjón og örorkubætur		kr. 163.265.30
2. Þjáningar og óþægindi		— 25.000.00
3. Ferðakostnaður til lækninga og rannsókna		— 3.000.00
4. Vottorðakostnaður		— 1.850.00

Kr. 193.115.30

Um 1.

Eins og fram er komið, var stefnandi færður til læknis þegar eftir slysið. Í vottorði læknisins, Árna Kjartans Árnasonar, sem dagsett er hinn 30. október 1960, kemur fram, að stefnandi hefur við slysið hlotið liðbandsslit á hægri hné. Voru gipsumbúðir settar á hnéð. Páll Sigurðsson tryggingayfirlæknir hefur skoðað stefnanda og metið örorku hans. Í mati læknisins, sem dagsett er hinn 7. febrúar 1962, segir svo:

„Samkv. vottorði frá héraðslækni í Höfn í Hornafirði, Kjartani Árnasyni, 30. okt. 1960, þá var meiðslið í því fólgið, að innra hliðarliðband og fremra krossband hægri hnésins hafði slitnað sundur (rupt. lig. mediali gen. dx. et lig. cruciati ant. gen. dx.).

Slasaði kom fyrst til skoðunar hjá undirrituðum 11/11 1961. Hann kveðst hafa verið algjörlega óvinnufær 7—8 mánuði eftir slysið. Lá ekki á sjúkrahúsi, en hafði gips á hné í u.þ.b. 7 vikur.

Hann byrjaði lítilla vinnu í júní 1961 og vann í u.þ.b. 3 mánuði, en hætti síðan vegna óþæginda í hnénu og þreytu eftir áreynslu.

Við skoðun hinn 11/11 þá kemur í ljós eftirfarandi: Hægri hné. Það er greinileg rýrnun á hægri læri, og mælist hún 3 cm miðað við það vinstra 15 cm yfir hnéskel. Það er aukin rennihreyfing fram á við í hnénu, en hliðarhreyfing er ekki aukin. Réttling og beyging í hnénu er eðlileg og sársaukalaus.

Talið var, að ástand mannsins mætti bæta með æfingum, og var honum vísað til Jóns Þorsteinssonar íþróttakennara í því skyni.

Slasaði kom síðast til skoðunar hjá undirrituðum 1/2 1962.

Hann finnur sig miklu styrkari í hnénu og hefur engin óþægindi, enda þótt hann reyni töluvert á það við gang nú.

Við skoðun er að finna sömu einkenni og áður, þ.e.a.s. aukna rennihreyfingu fram á við, en rýrnunin er minni en hún var og mælist nú 1—2 cm.

Maðurinn treystist vel til að fara að vinna nú, og hann mun hætta æfingum og byrja vinnu, er hann kemur heim.

Ályktun: Hér er um að ræða 26 ára gamlan mann, sem slasast við vinnu sína, og rifna liðbönd hægra hnés.

Hann var alveg frá vinnu 7—8 mánuði eftir slysið og hefur verið frá vinnu undanfarna 3 mánuði vegna æfingameðferðar, sem hefur borið góðan árangur.

Hann hefur aðeins óveruleg óþægindi í hnénu nú, en það verður að gera ráð fyrir, að þreyta sæki að hnénu, og rennihreyfing er aukin í hnénu og mun verða það áfram, þar eð fremra krossband hnésins er sundur, og ekki er ráðlegt að reyna viðgerð á því.

Af þessum sökum verður að telja, að maðurinn hafi hlotið varanlega örorku vegna slyssins 24. okt. 1960, og telst sú örorka hæfilega metin svo:

Í 4 mánuði	100%	örorka
- 4 —	50%	—
- 4 —	25%	—
- 3 —	100%	—
- 1 mánuð	50%	—
- 1 —	25%	—
og síðan varanleg örorka 10%.		

Á grundvelli þessa örorkumats hefur Guðjón Hansen tryggingafræðingur gert þrenns konar útreikninga á verðmæti tapaðra vinnutekna. Um grundvöll og niðurstöður útreikninga þessara segir svo í bréfi tryggingafræðingsins, sem dagsett er hinn 7. ágúst 1962:

„Samkvæmt örorkumati Páls Sigurðssonar tryggingayfirlæknis, dags. 7. febrúar 1962, varð Ólafur Einarsson, Geithellnum, Geithellnahreppi, fyrir slysi 24. október 1960. Hefur hann af völdum þess slyss hlotið orkutap, sem læknirinn metur þannig:

Í 4 mán. fyrst eftir slysið ...	100%
- 4 — þar á eftir	50%
- 4 — þar á eftir	25%

- 3	—	þar á eftir		100%
- 1	—	þar á eftir		50%
- 1	—	þar á eftir		25%
og síðan til frambúðar				 10%

Ólafur er sagður fæddur 18. nóvember 1935 og hefur samkvæmt því verið 24 ára að aldri, er hann slasaðist. Samkvæmt staðfestum eftirritum skattframtala fyrir starfsárin 1958 og 1959 hafa tekjur hans þau ár verið sem hér segir:

Samkv. búnaðar-

	skýrslu kr.	Laun kr.	Hlunnindi kr.	Samt. kr.
Árið 1958	21.543.00	9.688.00	8.000.00	39.231.00
— 1959	25.062.00	20.522.00	6.475.00	52.059.00

Í vottorði hreppstjórans í Geithellnahreppi, dags. 13. marz 1962, um tekjur Ólafs samkvæmt skattframtölum árin (fram-
talsárin) 1959—1961 eru tilgreindar brúttótekjur, nettótekjur og skuldlaus eign. Eru brúttótekjurnar sem að ofan greinir árin 1958 og 1959, en starfsárið 1960 (slysárið) eru þær taldar kr. 45.615.00.

Samkvæmt upplýsingum yðar er hér um að ræða bóndason, sem á nokkurn bústofn. Auk þess hefur hann unnið við vega-
gerð o. fl., svo sem fram kemur á skattframtölum.

Ógerlegt er að meta á einhlítan hátt vinnutekjur á grund-
velli upplýsinga um tekjur samkvæmt landbúnaðarskýrslu. Hin-
ar síðarnefndu ættu að nokkru leyti að vera fólgnar í vöxtum
af eign fé, og enn fremur er gróði eða tap af rekstrinum inni-
falið.

Mér virðist helzt koma til greina að miða útreikning við tekj-
ur verkamanna eða bænda, en síðan má hafa hliðsjón af tekj-
um þeim, sem að framan er getið, og sé þá haft í huga, að
tekjur samkvæmt landbúnaðarskýrslu og hlunnindi virðast yfir-
leitt metin í lægra lagi.

Árstekjur verkamanna fyrir dagvinnu eina saman er ég van-
ur að miða við almennan Dagsbrúnartaxta, 48 stunda vinnu-
viku og 48 vinnuvikur á ári auk orlofs. Meðaltekjur verka-
manna reikna ég á grundvelli úrtaksrannsóknar á vinnutekj-
um kvæntra verkamanna í Reykjavík samkvæmt skattframtöl-
um fyrir starfsárin 1951—1960, og er þá jafnframt tekið tillit
til kauplagsbreytinga.

Laun bónda á meðalbúi í verðlagsgrundvelli landbúnaðaraf-

urða námu á síðastliðnu hausti kr. 86.142.00 á ári, og miðuð-
ust þau við kauplag, eins og það var á tímabilinu júlí 1961 —
maí 1962. Með breyttu verkamannakaupi er rétt að breyta þess-
ari fjárhæð hlutfallslega.

Þær þrenns konar tekjur, sem að framan eru nefndar, reikn-
ast mér vera á ári sem hér segir:

	Verkamaður dagvinnut. kr.	Verkamaður meðaltekjur kr.	Bóndi kr.
Okt. 1960—júní 1961	50.481.00	62.339.00	78.300.00
Júlí 1961—maí 1962	55.537.00	68.583.00	86.142.00
Frá 1. júní 1962	60.568.00	74.795.00	93.945.00

Sú aðferð að styðjast við 10 ára reynslu (fyrri hluta þess
tímabils voru tekjur tiltölulega lágar) við útreikning meðal-
tekna verkamanna veldur því, að meiri munur en ella verður
á meðaltekjum verkamanns og hinum reiknuðu tekjum bónda.
Um meðaltekjur verkamanna utan Reykjavíkur er það að segja,
að í kaupstöðum og kauptúnum virðast árstekjur hin síðustu
ár yfirleitt engu lægri en í Reykjavík, en úrtaksrannsóknin
hefur ekki náð til sveita.

Á framangreindum grundvelli reiknast mér verðmæti tapaðra
vinnutekna á slysdegi vera sem hér segir:

	Miðað við dagvinnut. verkamanns kr.	Miðað við meðaltekjur verkamanns kr.	Miðað við vinnutekjur bónda kr.
Vegna tímabundins			
orkutaps	44.390.00	54.817.00	68.852.00
Vegna varanlegs			
orkutaps	70.818.00	87.453.00	109.844.00
Samtals	115.208.00	142.270.00	178.696.00

Við útreikninginn hefur ekki verið tekið tillit til dagpeninga,
sem slasaði kann að hafa fengið frá Tryggingastofnun ríkisins
vegna slyssins.

Reiknað er með 7% töflum um starfsorkulíkur, samræmd-
um eftirlifendatöflum íslenzkra karla 1941—1950.“

Kröfu sína samkvæmt þessum lið byggir stefnandi á útreikn-
ingi tryggingafræðingsins, sem miðaður er við tekjur bónda,

p. e. kr. 178.696.00. Er því haldið fram í því sambandi, að það sé það starf, sem stefnandi hafi stundað öðrum þræði og hyggist stunda. Frá fjárhæð þessari hefur stefnandi dregið greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 15.430.70. Við munnlegan flutning málsins var því lýst yfir, að stefnandi hefði fengið greitt kaup hjá stefnda í sjö daga eftir slysið, samtals 56 klst. á kr. 26.00 hver klst., og að fallizt væri á, að greiðslur þessar komi til frádráttar kröfum stefnanda. Afstaða til þessa atriðis verður tekin síðar.

Af hálfu stefnda er fjárhæð þessa kröfuliðs mótmælt sem of hárrí. Er því mótmælt, að tekjurýrnun stefnanda verði miðuð við tekjur af landbúnaðarvinnu. Þá er á það bent, að við ákvörðun fjárhæðar þessa kröfuliðs beri að taka tillit til sennilegs atvinnuleysis, skattfrelsis bóta svo og þess hagræðis, sem stefnanda mundi verða af því að fá bætur greiddar í einu lagi.

Stefnandi var ráðinn til að starfa hjá stefnda sem verkamaður. Ekki þykja efni til að ákvarða stefnanda bætur, er byggðar eru á útreikningi tryggingafræðingsins um tekjur bónda. Þykir verða að miða bætur til handa stefnanda við vinnutekjur verkamanna. Þegar öll atvik málsins eru virt svo og annað það, sem máli þykir skipta, þá þykja bætur til stefnanda samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 120.000.00, og hefur þá verið dregin frá greiðsla sú, sem stefnandi hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins. Við ákvörðun bótafjárhæðarinnar er haft í huga, að frá því útreikningur tryggingafræðingsins var gerður, hafa orðið verulegar almennar breytingar á kaupgjaldi.

Um 2.

Af hálfu stefnda er kröfulið þessum mótmælt sem of háum. Samkvæmt því, sem rakið hefur verið um slysið og sjúkrasögu stefnanda, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 20.000.00.

Um 3.

Við munnlegan flutning málsins var því lýst yfir af hálfu stefnanda, að stefnandi hefði orðið að koma hingað til borgarinnar til lækninga vegna afleiðinga slyssins og til þess að láta framkvæma mat á örorku þeirri, er hann hefði hlotið. Krafa stefnanda samkvæmt þessum lið sé ferðakostnaður hans af þessum sökum, gögn til stuðnings lið þessum séu nú ekki fyrir hendi. Af hálfu stefnda er kröfulið þessum mótmælt sem ósönnuðum.

Ljóst er, að stefnandi, sem á heimili utan Reykjavíkur, hefur þurft að koma hingað í sambandi við væntanlegar kröfur sínar vegna slyssins. Verður að ætla, að hann hafi haft nokkurn kostnað af þessu. Eftir atvikum þykir mega taka þenna kröfulið til greina með kr. 1.000.00.

Um 4.

Krafa stefnanda samkvæmt þessum lið er kostnaður við örorkumat og útreikning örorkutjóns samkvæmt framlögðum reikningum. Hefur kröfuliður þessi ekki sætt andmælum, og verður hann því tekinn til greina.

Samkvæmt þessu nemur tjón stefnanda kr. 142.850.00 (120.000.00 + 20.000.00 + 1.000.00 + 1.850.00). Verður stefnda því gert að greiða $\frac{4}{5}$ hluta þeirrar fjárhæðar eða kr. 114.280.00. Frá þessari fjárhæð ber að draga kr. 1.456.00, sem stefnandi fékk greiddar frá stefnda sem laun fyrstu dagana eftir slysið.

Samkvæmt þessu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda kr. 112.824.00 með vöxtum, eins og krafizt er, þ. e. 7% ársvöxtum frá 24. október 1960 til greiðsludags. Þá verður stefnda og gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 12.500.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Jónsson, greiði stefnanda, Ólafi Einarssyni, kr. 112.824.00 með 7% ársvöxtum frá 24. október 1960 til greiðsludags og kr. 12.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
